


10 Hættumerki um meðfædda ónæmisgalla

Meðfæddir ónæmisgallar valda endurteknum sýkingum hjá börnum og fullorðnum sem einnig reynast oft erfiðar í meðhöndlun. Ef þú eða einhver sem þú þekkir sýnir tvö eða fleiri eftirtalinn hættumerkja, skaltu ræða við lækni um hugsanlegan meðfæddan ónæmisgalla.

- 1 Eyrnabólga fjórum sinnum eða oftar undanfarið ár.
- 2 Alvarleg kinnholusýking tvisvar eða oftar undanfarið ár.
- 3 Meðferð sýklalyfja í tvo mánuði eða lengur án teljandi árangurs.
- 4 Lungnabólga tvisvar eða oftar undanfarið ár.
- 5 Hægur líkamsþroski eða léleg þyngdaraukning hjá ungbörnum.
- 6 Endurtekin graftarkýli í húð eða innri líffærum.
- 7 Viðvarandi þruska í munnholi eða sveppasýking í húð.
- 8 Nauðsyn á sýklalyfjagjöf í æð til meðhöndlunar á sýkingum.
- 9 Tvær eða fleiri alvarlegar sýkingar s.s. blóðeitrun.
- 10 Fjölskyldusaga um meðfædda ónæmisgalla.



LIND


Lind - Félag um meðfædda ónæmisgalla var stofnað 11.maí 2002. Í samtökunum er fólk með meðfædda ónæmisgalla, fjölskyldur þeirra, heilbrigðisstarfsfólk og aðrir sem áhuga hafa á þessu málefni.

Lind er félagi í Astma og ofnæmisfélaginu og Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum.

Lind er einnig aðili að NMPI, Nordic Meeting for Primary Immunodeficiency og IPOPI, International Patient Organisation for Primary Immunodeficiencies.



BÆKLINGAR & FRÓÐLEIKUR
WWW.LINDISLAND.NET



jm Jeffrey Modell Foundation